



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA



Samtök fiskvinnslustöðva

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/100
komudagur 10.11.2006

Nefndarsvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 9. nóvember 2006.

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, 189. mál, Háskólinn á Hólum.

Samtök fiskvinnslustöðva og Landssamband fiskeldisstöðva (LF) standa saman að umsógn um ofangreint málefni.

Umsagnaraðilar telja eðlilegt og í samræmi við þróun skólahalds á seinni árum að fulltrúi frá atvinnugreininni verði tilnefndur í háskólaráð Háskólans á Hólum sem þjónustar greinina með menntun starfsmanna og rannsóknum í greininni.

Lagt er til að c – liður (31.gr) frumvarpsins breytist þannig:
10. Einn fulltrúi er tilnefndur af Landssambandi fiskeldisstöðva.

Mikill vöxtur hefur verið í fiskeldisgreininni á Íslandi á undanförmum árum og verður áfram. Reiknað er með að mikil þörf verði áfram fyrir rannsóknir í fiskeldisgreininni og menntun nýrra starfsmanna. Aðilar telja brýnt að þessi breyting nái fram að ganga.

Umsagnaraðilar gera ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

F.h. Landssambands fiskeldisstöðva og Samtaka fiskvinnslustöðva.

Virðingarfyllt,

Guðbergur Rúnarsson